TILMÆLI

Norðurlandaráð

**Tilmæli** 20/2023
**Tillaga** A 1941/UHN
**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

The picture can't be displayed.

# Breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

## Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum með því að taka saman leiðbeiningar um heimaræktun sem tekur mið af loftslagsbeltum á Norðurlöndum

að hefjast handa við að velja tegundir í samvinnu við Norrænu erfðaauðlindastofnunina, NordGen, með það fyrir augum að styðja við heimaræktun í ólíkum loftslagsbeltum

að efla norrænt samstarf um þróun grænna borgarsvæða sem stuðla að aukinni heimaræktun í borgum

Ósló, 2. nóvember 2023

Erkki Tuomioja
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

23-00272-1
metdam